



Tilmæli 21/2016

Fyrri númer:
A 1657/holdbart

Afgreiðsla:
Norræna sjálfbærnefndin

Fylgiskjal/skjöl:
Nefndartillaga um
sameiginlegar norrænar
aðgerðir um eiturefnalaust
umhverfi

Málsnúmer: 15-00171-20

Sameiginlegar norrænar aðgerðir um eiturefnalaust umhverfi

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 3. nóvember 2016 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu sjálfbærnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

- 1) að þær beiti sér fyrir almennu banni innan ESB við fjórum hormónaraskandi þalötum (DEHP, DBP, BBP og DIBP) í vörum sem börn koma í snertingu við;
- 2) að þær innleiði almennt bann á Norðurlöndum við fjórum hormónaraskandi þalötum (DEHP, DBP, BBP og DIBP) í vörum sem börn koma í snertingu við, hafi ESB ekki innleitt sams konar bann fyrir árslok 2017;
- 3) að þær vinni saman að því að semja og setja reglur gegn notkun heilsuspillandi efna í byggingarvörur, sem notaðar eru í gólf-, vegg- og lofteiningar;
- 4) að þær þrói og samþykki fyrirkomulag sem stuðli að því að hætt verði að nota óæskileg efni. Opinber norræn skrá yfir óæskileg efni verði tekin saman og reglur samþykktar í öllum löndunum sem skylda innflutningsaðila og framleiðendur til að upplýsa hvort vörur þeirra innihalda efni sem eru á norrænu skránni;
- 5) að þær beiti sér fyrir breytingum á ESB-löggjöfnni í þeim tilgangi að koma í veg fyrir innflutning frá löndum utan ESB/EES-svæðisins á vörum sem innihalda efni sem eru bönnuð í ESB/EES-löndunum.

Kaupmannahöfn, 11. nóvember 2016

Henrik Dam Kristensen

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs